



# SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

SAMVINNA · VINÁTTA · ÞRAUTSEIGJA

## 2. skólaráðsfundur 29.11. 2023 kl 15:00 – 16:00

**Fundarstjóri og ritari:** Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri

**Mættir:** Hólmfríður, Ásgeir, Margrét, Vala (fyrir Jóhönnu), Inga, Nicole, Katrín Rós, Bjarney

Dagskrá:

Niðurstöður úr Skólapúlsinum bæði yngri og eldri hópur. Farið var yfir niðurstöður úr báðum könnunum og umræður teknar í kjölfarið. Búið að kynna fyrir starfsfólki og frétt verður sett á heimasíðuna á næstu dögum þar sem foreldrar eru hvattir til að kynna sér niðurstöður sem verða setta inn á heimasíðuna.

Lýðræðisfundur nemenda – niðurstöður kynntar og farið yfir hvað við getum gripið strax og breytt og hvað þarf að gefa lengri tíma. Margar góðar hugmyndir komu fram á fundinum t.d.

1. merkja ruslatunnur í matsal
2. fleiri umsjónarmenn í hverjum árgangi
3. listi yfir hver er umsjónarmaður inn á svæði hjá unglिंगum
4. setja fleiri listaverk á veggj skólans t.d. á mótí skápunum hjá unglिंगunum.
5. Færa klukkuna sem er á veggnum inn á gangi hjá unglिंगadeild til að klukkan blasi við þeim sem eru á ganginum.
6. Þarf að skoða skóhornin því sum meiða.

Starfsáætlun – ekki komin á heimasíðuna en fer þangað fljótlega, ástæðan fyrir því að hún er ekki farin á heimasíðuna er að það eru nokkrir þætt sem á eftir að uppfæra en þeir snúa allir að breytingum á efni frá Mennta og lýðheilsusviði. Áætlunin verður sett inn þó svo að það eigi eftir að laga þessa þætt.

Viðmiðunarstundaskrá – farið yfir hana og hún útskýrð.

Skólanámskrá – frestað fram að næsta fundi.

Önnur mál

- brunakerfið hefur legið niðri í rúman mánuð því Securitas hefur ekki séð sér fært að bregðast við og setja þessa viðgerð í forgang hjá sér. Verður sent formlegt kvörtunarbréf til Securitas.
- Nýr fulltrúi nemenda er Katrín Rós Arnórsdóttir 9.b
- Læsing í forstofu – nemendur komast stundum ekki út eru læstir inni í forstofu því þeir komast ekki til baka í lok dag þegar millihurðin er læst. Inga mun tala við húsumsjónarmann um þetta og biðja hann um að skoða þetta.
- Hoppubelgur – foreldrafélagið mun óska formlega eftir því að það verði settur upp hoppubelgur í SKaðrshlíðinni eða á mörkum Skarðshlíðar og Hamraness því að í þeim hverfum verður mjög fjölmenn íbúðabyggð. Nóg pláss á skólalóðinni fyrir hoppubelg t.d. grassvæðið við hliðina á göngustígnum.

- Vel í unglingsdeild – óskað eftir því að það verði skoðað af hverju unglingar í öðrum skólum þurfa að taka meira val en hjá okkur. Erum þau stundum með of fáa tíma á bak við sig og ættu að þurfa að taka eitthvað val??
- Piparkökumálun foreldrafélagsins verður 5.des, í boði fyrir alla árganga að mæta.